

## REIKNINGUR

## Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga árið 2003.

## Rekstrarreikningur árið 2003

<b>Tekjur</b>	<b>kr.</b>
Framlag ríkissjóðs .....	6.552.541
Framlag sveitarfélaga .....	<u>3.691.460</u>
Tekjur alls	<u>10.244.001</u>
<b>Framlög</b>	
Bundin framlög .....	1.045.045
Sérstök framlög .....	2.274.437
Jöfnunarframlög .....	3.077.209
Jöfnunarframlög til grunnskóla .....	3.624.135
Stofnkostnaðarframlög .....	<u>200.000</u>
Framlög alls	10.220.826
<b>Rekstrarkostnaður</b>	
Laun og launatengd gjöld .....	23.491
Annar rekstrarkostnaður .....	<u>12.432</u>
Rekstrarkostnaður samtals	35.923
Eignakaup .....	<u>123</u>
Gjöld alls	<u>10.256.872</u>
Rekstrarhalli fyrir fjármagnsgjöld .....	( 12.871)
Fjármunatekjur, fjármagnsgjöld .....	<u>108.559</u>
Tekjuafgangur (halli) .....	<u>95.688</u>
<b>Efnahagsreikningur 31. desember 2003</b>	
<b>Eignir</b>	<b>kr.</b>
Veltufjármunir:	
Ríkissjóður .....	47.663
Áfallnar vaxtatekjur .....	86.567
Aðrar skammtímakröfur .....	<u>25.272</u>
Skammtímakröfur samtals	159.502
Handbært fé:	
Bankareikningar .....	<u>564.141</u>
<b>Eignir alls</b>	<u>723.643</u>
<b>Skuldir og eigið fé</b>	
<b>Eigið fé:</b>	
Höfuðstóll .....	<u>470.727</u>

**Skammtímaskuldir:**

Ríkissjóður .....	0
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur .....	8.657
Ógreidd framlög .....	75.917
Aðrar skammtímaskuldir .....	<u>168.342</u>
Skammtímaskuldir samtals	<u>252.916</u>
Skuldir samtals	<u>252.916</u>

**Skuldir og eigið fé alls**

723.643

**Sjóðstreymi árið 2003**

**Rekstrarhreyfingar**

<i>Veltufé frá rekstri:</i>	<b>kr.</b>
Rekstrarafgangur (halli) samkvæmt rekstrarreikningi .....	<u>95.688</u>
Veltufé frá rekstri	95.688

*Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:*

Skammtímakröfur (hækkun), lækkun .....	( 45.411)
Skammtímaskuldir (lækkun), hækkun .....	<u>( 1.005)</u>
	( 46.416)

**Handbært fé frá rekstri** 49.272

**Fjármögnunarhreyfingar**

*Breyting á stöðu við ríkissjóð:*

Framlag ríkissjóðs .....	( 6.552.534)
Greitt úr ríkissjóði .....	<u>6.396.116</u>
	( 156.418)

Hækkun (lækkun) á handbæru fé ..... ( 107.146)

Handbært fé í ársbyrjun ..... 671.287

Handbært fé í árslok ..... 564.141

**Áritun endurskoðenda**

Til félagsmálaráðuneytisins og ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Við höfum endurskoðað ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2003. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1-18. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem látið er í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við ákvæði laga um Ríkisendurskoðun og góða endurskoðunarvenju en í því felst m.a.:

- að sannreyna að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka,
- að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur,
- að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á,
- að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfseminni ef þær eru birtar með ársreikningi.

Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild og gilda um A-hluta stofnanir. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 2003, efnahag 31. desember 2003 og breytingu á handbæru fé á árinu 2003 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju fyrir A-hluta stofnanir.

Ríkisendurskoðun, 23. ágúst 2004.

**Sigurður Þórðarson**  
ríkisendurskoðandi.

---

*Sigurgeir Bóasson*  
*endurskoðandi.*

### **Staðfesting ársreiknings**

Ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins og eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Á árinu 2003 varð tekjuafgangur af rekstri Jöfnunarsjóðsins er nam 95.688 þús. kr. Eigið fé sjóðsins í árslok 2003 var 470.727 þús. kr.

Félagsmálaráðherra og formaður ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga staðfesta ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2003 með áritun sinni.

*Reykjavík, 23. ágúst 2004.*

**Árni Magnússon**  
félagsmálaráðherra.

---

*Húnbogi Þorsteinsson,*  
*formaður ráðgjafarnefndar.*